

9. gr.

Seltjarnarnesbær annast eftirlit með kattahaldi, samkvæmt samþykkt þessari, undir yfirstjórn heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis. Leita má aðstoðar lögregluþyrvalda ef þörf krefur.

10. gr.

Skrá skal alla ketti í sveitarfélaginu. Við skráningu skal greiða kr. 1.000. Árlega eftir það skal greiða eftirlitsgjald kr. 1.000. Gjaldþagi eftirlitsgjalds er 1. maí ár hvert og eindagi 1. júní.

11. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 17. október 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verslunarminjasafn á Hvammstanga.

1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og heitir Verslunarminjasafn á Hvammstanga. Heimili og varnarþing er á Hvammstanga. Stofnendur eru einstaklingar, fyrirtæki, félög og sveitarfélög, sem leggja stofnuninni til stofnfé samkvæmt stofnskrá.

2. gr.

Stofnfé verslunarminjasafnsins er kr. 500.000, sem gengur til endurbóta á húseigninni Brekkugötu 4, Hvammstanga, sem aldrei má skerða.

Eignir stofnunarinnar eru húseignin að Brekkugötu 4 (Pakkhús VSP), safngripir og annað það sem hún síðar kann að eignast fyrir gjöf eða á annan hátt.

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna stofnunarinnar.

3. gr.

Markmið og hlutverk stofnunarinnar er að varðveita og reka verslunarminjasafn að Brekkugötu 4 á Hvammstanga.

4. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru vaxtatekjur, aðgangseyrir og aðrar rekstrartekjur af minjasafninu, gjafir og hvers konar styrktarfé og önnur framlög sem veitt er viðtöku eða aflað. Tekjum skal einungis ráðstafað til starfsemi skv. 3. gr. skipulagsskrár þessarar.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum sem kosnir eru á stofnfundi. Meiri hluta stjórnar þarf til að skipa nýjan mann í stjórn og samþykki 4ra stjórnarmanna til að víkja manni úr stjórn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

6. gr.

Stjórnarfundi skal boða með minnst 3ja daga fyrirvara og er fundurinn lögmætur ef meiri hluti stjórnar mætir. Stjórnin skal halda fundargerðarbók um það sem gerist á fundum, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar.

7. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar viðurkenndar reikningsskilavenjur á hverjum tíma og endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum.

8. gr.

Breyta má skipulagsskrá þessari ef 4 stjórnarmanna samþykkja það. Verði stofnunin lögð niður þarf samþykki 4ra stjórnarmanna til þess og renna þá eigur stofnunarinnar til héraðsnefndar Vestur-Húnavatnssýslu.

Leita skal samþykkis dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari og breytingum sem á henni kunna að verða gerðar.

Svo samþykkt á stofnfundi Verslunarminjasafns á Hvammstanga þann 11. apríl 1996.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkyæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. október 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 567

28. október 1996

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 9/1996 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið í umboði fjármálaráðuneytisins að breyta tímamarki því sem skattstjórur er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust að lokinni álagningu opinberra gjalda á skattaðila gjaldárið 1996.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 1995 og eigna í lok þess árs 20. desember 1996 í stað 28. október 1996.

Reykjavík, 28. október 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.